

Samkomulag

Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

og

Bandalags háskólamanna

f.h. aðildarfélaga þess

Samkvæmt samningsforsendum aðildarfélaga bandalagsins eru aðilar sammála um að viðbrögð við niðurstöðum forsendunefndar ASÍ og SA árið 2005 verði eftirfarandi:

I.

1. Félagsmenn sem eru við störf fyrstu viku nóvembermánaðar fá þann 1. desember 2005 sérstaka eingreiðslu, kr. 26.000,- miðað við fullt starf allt árið hjá ríki.
2. Þeir sem starfað hafa í minna starfshlutfalli eða í skemmri tíma fá greiðslu í sama hlutfalli.
3. Farið verði eftir ákvæðum kjarasamninga um persónuuppbót til að reikna út hlutfall hvers og eins.
4. Uppbót þeirra sem starfað hafa í skemmri tíma skal þó aldrei vera lægri en kr. 4.500,- fyrir fullt starf og hlutfallslega eftir starfshlutfalli.

II.

1. Áfangahækkun kjarasamninga 1. janúar árið 2007 verði 2,90% í stað 2,25%.

Reykjavík, 24. nóvember 2005

F.h. Bandalags háskólamanna

f.h. fjármálaráðherra